



Alþingi Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1.11.2013  
Tilvísun: 201310-0007

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki).**

ASÍ hefur eftirfarandi athugasemdir og ábendingar varðandi frumvarpið:

1. Lækkun á miðþrepi tekjuskatts í 25%.


Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækkun skattprósentu í miðþrepi leiði til 5 milljarða tekjutaps fyrir ríkissjóð. Þannig mun tekjuskattur einstaklings byrjar að lækka við 255.000 kr. tekjur. Skattalegur sparnaður einstaklings vex síðan þar til 781.000 kr. tekjum er náð og hafa þá mánaðarlegar skattgreiðslur viðkomandi lækkað um 4.207 krónur. Einungis þeir einstaklingar sem eru með tekjur yfir 781.000 fá notið þessarar skattalækkunar að fullu.

ASÍ telur að eðlilegra sé að nýta þá fjármuni sem verja á til lækkunar á tekjuskatti til þess að koma til móts við þann mikla fjölda sem er með millitekjur og á lægri tekjum. Einfaldasta leiðin til þess er að hækka mörkin þar sem miðþrep tekjuskattsins byrjar. Áætla má að það hefði sömu tekjuáhrif á ríkissjóð að hækka mörkin um nálægt 100.000 kr. á mánuði. Þannig gætu þau orðið um 350.000 kr. Tekjur undir 350.000 kr. á mánuði yrðu þá skattlagðar í neðsta skattþrepinu. Þessi útfærsla á skattalækkunum kæmi þorra launafólks betur en sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu. Samkvæmt tillögunni byrjar skattalegur sparnaður einstaklings í 255.000 kr. eins og í fyrri tillögunni. Skattalegur ávinningur þeirra sem eru á tekjubilinu 255.000 til 350.000 yrði meiri en ef skattprósenta lækkaði þar sem virk skattprósenta á bilinu 255.000 til 350.000 kr. lækkaði um 2,9% stig í stað 0,8% stiga. Skattgreiðslur einstaklings með 350.000 kr. tekjur og yfir myndu lækka um 2.726 kr. á mánuði.

Á meðfylgjandi mynd er sýndur samanburður á annars vegar þeirri tillögu að lækka skattprósentuna í miðþrepinu og hins vegar að hækka skattmörk miðþrepsins. Línurnar sýna mánaðarlegan skattsparnað miðað við tekjur. Á myndinni er einnig sýnd dreifing reglulegra heildarlauna 2012 eftir tekjufjórðungum skv. tölum Hagstofu Íslands. Þannig má sjá að 25% fullvinnandi launamanna er með tekjur undir 324.000 kr. á mánuði, 25% eru með tekjur á



bilinu 324.000 til 404.000, 25% með tekjur á bilinu 404.000 til 518.000 og 25% með tekjur yfir 518.000.



Á þessum samanburði er augljóst að það kemur þorra launafólks betur að hækka mörk miðþrepsins frekar en að lækka skattprósenta. Einnig má benda á að það að færa mörkin upp um 100.000 kr. hefur jákvæð jaðaráhrif á þá hópa sem eru með laun á bilinu 255.000 til 350.000 kr. þar sem jaðarskattur þeirra lækkar um 2,9 prósentustig. Þá má benda á að Ísland sker sig frá hinum Norðurlöndunum hvað varðar útfærslu á þrepaskattkerfi. Þannig eru öll löndin með þrepaskattkerfi en Ísland sker sig úr hvað varðar mörk á miðskattþrepinu, en við erum eina landið þar sem fólk á lágum launum er farið að greiða skatt af hluta tekna sinna í miðþrepinu. Hin löndin byrja að skattleggja fólk í miðþrepi nálægt meðaltekjum.

ASÍ leggur því til að mörk miðþrepsins í tekjuskatti verði hækkuð í 350.000 kr. í stað þess að lækka skattprósenta í miðþrepi um 0,8 prósentustig.

2. Atvinnuþryggingagjald, almennt tryggingagjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa.

ASÍ mótmælir harðlega þeim áformum að hækka almennt tryggingagjald um 0,75 prósentustig. Þetta er skattahækkun sem nemur um 7,5 milljörðum. Hafa verður í huga að þessi skattahækkun leggst á launagreiðslur fyrirtækja og mun því torvelda mjög gerð kjarasamninga.



Þá telur ASÍ eðlilegt að atvinnuþryggingagjaldið lækki í takt við lækkandi raunatvinnuleysi en bendir á að of langt er gengið í sparnaði innan sjóðsins í þjónustu við atvinnuleitendur.

### 3. Virðisaukaskattur á barnabætur.

ASÍ telur mikilvægt að auka stuðning við barnafólk en telur að sú leið sem lögð er til sé ómarkviss. Hafa verður í huga að bætur eru líklega óverðteygjin vara og því ekki víst að lækkun á virðisaukaskatti skili sér vel til barnafólks. Þá má benda á að ekki sé heppilegt að flækja virðisaukaskattskerfið frekar en orðið er þegar hægt er að ná fram sömu markmiðum í gegnum barnabótakerfið. Því er eðlilegra að nýta barnabætur til að koma betur til móts við barnafólk.

Þá er rétt að benda á að skv. forsendum fjárlagafrumvarpsins stendur til að rýra barnabætur að raungildi á komandi ári þar sem ekki er gert ráð fyrir að barnabæturnar eða forsendur þeirra hækki í takt við verðlag.

ASÍ leggur því til að í stað þess að auka á flækjustig virðisaukaskattskerfisins verði barnabótakerfið nýtt til að ná fram auknum stuðningi við barnafólk.

### 4. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki og fjársýsluskattur

ASÍ styður framkomnar tillögur.

### 5. Vaxtabætur

ASÍ telur ekki ásættanlegt að rýra vaxtabætur að raungildi með því að láta bætur og þá stuðla sem liggja til grundvallar útreikningi bóta vera óbreytta milli ára. ASÍ tók þátt í að móta hugmyndir að nýju kerfi húsnæðisbóta þar sem staða þeirra sem leigja verði jöfnuð við þá sem eru að kaupa húsnæði. ASÍ telur mikilvægt að áfram verði unnið að því að koma á slíkum bótum. Þar til það verður gert er mikilvægt að auka stuðning við húsnæðisöflun þar sem sjaldan hefur verið erfiðara að tryggja sér öruggt húsnæði. Því er mikilvægt að tryggja að lágmarki að vaxtabætur rýrni ekki milli ára og að stuðningur við leigjendur verði aukinn.

F.h. Alþýðusambands Íslands

*Ólafur Darri Andrason*

Ólafur Darri Andrason  
hagfræðingur ASÍ